

## **25. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM mánudaginn 23. mars 2020 klukkan 8:30.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 18. mars 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 18. júlí 2020.

Þetta fyrirkomulag verði viðhaft á fundum hreppsnefndar svo og annarra fastanefnda Ásahrepps meðan þetta ástand varir og lagaheimildir leyfa. Staðfesting fundargerðar verði framkvæmd með Singnet.is í lok hvers fundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir enn fremur að heimilað verði að nýta fjarfundabúnað á fundum nefnda, ráða eða stjórna skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Ásahrepps.

### **1. Fundargerðir til samþykktar:**

- 1.1. 190. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-115. Mál nr. 1; landmannaafréttur í Ásahreppi; Stofnun Þjóðlendu – 2002034. Regína Sigurðardóttir f.h. Forsætisráðherra og Forsætisráðuneytis leggur fram umsókn dags. 17.12.2019, og uppdrátt dags. 19.12.2019, um að stofnuð verði 3 km<sup>2</sup> fasteign/Þjóðlenda, þ.e. Landmannaafréttur. Um stofnun þjóðlenda gilda ákvæði laga um þjóðlendu og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 með síðari breytingu. Landeigandi er Íslenska ríkið skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Mörk skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli 2/2003 dags. 10. desember 2004 eru: Úr skurðarpunkti sveitarfélagamarka Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Þjórsá sunnan Sultartangalóns (lma1) er Þjórsá fylgt norður í ós Tungnaár (lma2). Tungnaá ræður í sveitarfélagamörk Ásahrepps og Rangárþings ytra (lma3), en þeim mörkum er fylgt í upphafspunkt (lma1).

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi umsókn um stofnun þjóðlendunnar Landmannaafréttur í Ásahreppi. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til að gögn ásamt umsókn verði send sveitarfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra til umsagnar.

- 1.2. Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafreftar, dags. 2. mars 2020. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fundargerðina fyrir sitt leyti.
- 1.3. Fundargerð 5. fundar vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fundargerðina.
- 1.4. 16. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga, dagskrárliður 2 til samþykktar. 2. dagskrárliður fundargerðar vísaði stjórn til samþykktar aðildarasveitarfélaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti viðbótarframlag að upphæð kr. 10.000.000 skv. meðfylgjandi rekstraryfirliti fyrir árið 2019. Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

- 1.5. 5. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu.  
Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fundargerðina.
- 1.6. 6. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu.  
Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fundargerðina.
- 2. Fundargerðir til kynningar:**
  - 2.1. 24. fundur stjórnar Odda bs.
  - 2.2. 8. fundur stjórnar Húsakynna bs.
  - 2.3. 74. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
  - 2.4. 75. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
  - 2.5. 64. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
  - 2.6. 5. verkfundur Saurbær vinnsluhús.
  - 2.7. 6. verkfundur Saurbær vinnsluhús.
  - 2.8. Fundur Oddvitaneftndar UTU, dags. 21. febrúar 2020.
  - 2.9. 80. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
  - 2.10. 81. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
  - 2.11. 13. stjórnarfundur Bergisans bs.
  - 2.12. 290. fundur stjórnar SOS.
  - 2.13. Fundur faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál, dags. 12. febrúar 2020.
  - 2.14. 554. fundur stjórnar SASS.
  - 2.15. 555. fundur stjórnar SASS.
  - 2.16. 879. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 3. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2020, 19. mars 2020.**  
Rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps 2020, dags. 19. mars, lagt fram til kynningar.
- 4. Drög að skipulags- og matslýsingu Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032,**  
Lögð fram drög að skipulags- og matslýsingu Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032, sem dagsett er 2. mars 2020.  
Umræða varð um fyrirliggjandi drög. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela ráðgjöfum og skipulagsembættinu að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, jafnframt að kynna hana fyrir almenningi sbr. gr. 4.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- 5. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.**  
Lögð fram drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.  
Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við fram lögð drög en áskilur sér fullan rétt til athugasemda á síðari stigum málsmeðferðar.
- 6. Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar.**  
Lagt fram bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar, en gert er ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlun Íslands taki gildi árið 2022.  
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við þetta bráðabirgðayfirlit að svo komnu máli.
- 7. Niðurstaða verðkönnunar vegna kaupa á efni og flutningi efnis til reiðvegagerðar milli Kálfholts og Hamrahóls.**  
Elín Grétarsdóttir tók ekki þátt í fundi undir þessum dagskrárlið.  
Lagt fram yfirlit yfir tilboð annars vegar í efniskaup til reiðvegagerðar og hins vegar í flutning efnisins úr Þórstaðanámu við Ingólfsfjall að Kálfholtsvegi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Fossvélar um kaup á 600 rúmmetrum af efni fyrir reiðveg, að upphæð kr. 1.140.000 með VSK. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd samhljóða að taka tilboði lægst bjóðanda í flutnings efnisins, en það er Steypustöðin með tilboð kr. 787.400 með VSK. Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningum við þessa aðila. Ísleifur Jónasson mun hafa umsjón og eftirlit með verkinu, þ.e. hvar efni skuli sett niður í samráði við bílstjóra og útjöfnun efnisins þegar það er komið á verkstað.

**8. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. mars 2020; Hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi samdráttar í þjóðarbúskapnum.**

Lagðar fram tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga um hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum.

Tillögurnar lúta að fasteignagjöldum og gjaldskrá, framkvæmdum, atvinnuáttakerfum og vinnumarkaði, markaðsátaki í ferðaþjónustu og laga og reglugerðabreytingum og skattheimtu.

Ljóst er að hér er að mörgu að hyggja og marka þarf stefnu og leiðarljós í mörgum þáttum starfsemi sveitarfélaga.

Sveitarstjóra og oddvita er falið að eiga samráð við nágrannasveitarfélög og kanna hvort hægt verði að hafa samræmdar aðgerðir til viðspyrnu fyrir atvinnulífið og einstaklinga meðan þessar þrengingar ganga yfir.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita sveitarstjóra heimild til að koma til móts við fyrirtæki, rekstraraðila og einstaklinga (heimili), þeirra sem þess óska, sem geta sýnt fram á greiðsluvandræði vegna þjóðfélagsástandsins. Tímarammi greiðslufrests verði ákveðinn í samráði við KPMG og Mótus, þannig að tímarammi lögveðs vegna fasteignagjalda haldi.

**9. Ákvörðun um fyrirkomulag stjórnisýslu Ásahrepps í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu á tímum COVID-19.**

Ljóst er að alvarleg staða er komin upp í þjóðfélaginu vegna COVID-19 og því nauðsynlegt að bregðast við til að tryggja að stjórnisýsla Ásahrepps geti verið starfhæf á þessum erfiðu tímum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að opnun almennra tíma skrifstofu sveitarfélagsins á mánudögum og miðvikudögum verði hætt frá og með deginum í dag og því skrifstofan lokuð öllum almenningi. Lokunin varir svo lengi sem smitandi aðstæður eru í samfélaginu vegna heimsfaraldursins. Nauðsynlegt er að reyna verja sem best starfsmenn skrifstofunnar til að halda starfseminni gangandi. Aðilar sem vilja eða þurfa að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins verða að nota síma eða tölvupóst til að koma erindum sínum á framfæri. Jafnframt er lögð áhersla á það að oddviti, sveitarstjóri og launafulltrúi verði ekki á sama tíma við vinnu á skrifstofu sveitarfélagsins. Hreppsnefnd mun halda fundi sína í fjarfundarbúnaði. Mælt er til að þátttaka fulltrúa sveitarfélagsins á fundum fyrir hönd sveitarfélagsins verði að öllu jöfnu með fjarfundarbúnaði.

Sveitarstjóra er falið að auglýsa þessa ákvörðun hreppsnefndar Ásahrepps á heimasíðu hreppsins, með því að senda dreifibréf á alla bæi og hengja upp auglýsingu á og við inngang að skrifstofu hreppsins á Laugalandi

**10. Innsend bréf og erindi:**

10.1. Bréf SASS, móttakið 18. mars 2020; Hamingjulestin.

Lagt fram bréf SASS þar sem kynnt er nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands, á vegum SASS, sem ber heitið Hamingjulestin. Er óskað eftir að

hreppsnefnd Ásahrepps tilnefni „hamingjuráðherra“ Ásahrepps til að vinna að verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að tilnefna Fanney B. Karlsdóttur sem „hamingjuráðherra“ Ásahrepps (samþykkt með 3 atkvæðum ÁBÓ, BJJ, GG og 2 sitja hjá EG, ES).

- 10.2. Bréf Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands, dags. 20. febrúar 2020; styrktaraðilar.  
Lagt fram bréf Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands þar sem óskað er eftir að styrktarsamningur milli Ásahrepps og sjóðsins verði framlengdur um þrjú ár. Síðasti samningur milli aðila var í gildi árin 2017-2019 og greiddi Ásahreppur styrktarframlag að upphæð kr. 30.000 á ári.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurnýja samning við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands fyrir árin 2020 – 2023 og að árleg styrktarfjárhæð verði kr. 30.000.
- 10.3. Tölvuskeyti Þorvarðar Inga Þorbjörnssonar m fl. dags. 18. febrúar 2020; tillaga að breytingu náttúruverndarlaga.  
Lagt fram tölvuskeyti Þorvarðar Inga Þorbjörnssonar þar sem lögð er fram tillaga að breytingu náttúruverndarlaga sem lýtur að því að rýmka heimildir almennings til að hafa næturdvöl utan þéttbýlis ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða. Vilja tillögugerendur að einungis þeir sem ekki hafa salernisbúnað þurfi að leita heimildar landeigenda, en þeir sem hafa salernisbúnað þurfi ekki að leita slíkrar heimildar.  
Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að það séu mun fleiri þættir sem spili inn í slíkrar leyfisveitingar af hálfu landeigenda en salernisaðstaða i viðlegubúnaði, s.s. öryggi viðkomandi aðila og búfænaðar á umræddu landi svo eitthvað sé nefnt. Hreppsnefnd Ásahrepps mótmælir því þessum hugmyndum alfarið og getur ekki sætt sig við slíka einföldun á málum er varðar aðgengi og umgengni um land einkaaðila utan þéttbýlis.
- 10.4. Tölvuskeyti Rangárþings eystra, dags. 24. febrúar 2020; óvirk byggðasamlög (sbr. bókun hreppsnefndar Ásahrepps á 24. fundi, dagskrárliður 9.1)  
Lagt fram tölvuskeyti frá Rangárþingi eystra er varðar þá fjármuni sem til voru í sjóðum byggðasamlagsins Green Globe 21 þegar bankareikningi þess var lokað. Fram kemur að það fjármagn sem til var þegar starfsemi var hætt, verði greitt til baka til þeirra sveitarfélaga sem stóðu að byggðasamlaginu í sama hlutfalli og eignarhlutur þeirra var. Hreppsnefnd Ásahrepps er sátt við þessa hugmynd við lokun þessa byggðasamlags.
- 10.5. Bréf félagsmálaráðuneytis, dags 30. janúar 2020; barnvæn sveitarfélög.  
Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytis þar sem kynnt er innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.  
Vegna sérstöðu, fyrirkomulagi á veittri þjónustu og stærðar sveitarfélagsins, þá sér hreppsnefnd Ásahrepps ekki ástæðu til þess að taka þátt í þessu verkefni á þessum tímapunkti.
- 10.6. Bréf Eydísar H. Tómasdóttur f.h. 10. bekkjar Grunnskólans Hellu, móttekið 19. febrúar 2020; beiðni um styrk vegna útgáfu skólablaðsins Ýmis.

Lagt fram bréf Eydísar H. Tómasdóttur þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfa skólablaðs Grunnskólans Hellu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 12.000.

- 10.7. Tölvuskeyti Erlu B. Sigfúsdóttur, f.h. 9 bekkjar Laugalandsskóla, dags. 26 febrúar 2020; beiðni um styrk vegna útgáfu skólablaðsins Vörðunnar. Lagt fram tölvuskeyti Erlu B. Sigfúsdóttur þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu skólablaðs Laugalandsskóla. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 20.000.
- 10.8 Tölvuskeyti Nick Carter, dags 29. febrúar 2020; beiðni um leyfi til að setja upp tjaldbúðir við Sprengisandsleið vegna hjólreiðaferðar. Lagt fram tölvuskeyti Nick Carter þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp tjaldbúðir við Sprengisandsleið, en fyrirhugað er að vera með áheitaferð á reiðhjólum þvert í gegnum Ísland, með sama hætti og síðasta ár. Það fjarmagn sem safnast mun verða nýtt til umhverfismála og góðgerðaverkefna sem lúta að börnum. Um er að ræða að setja upp fyrir þátttakendur tjaldbúðir fyrir utan Sprengisandsleið, annars vegar vestan Þverölduvatns og hins vegar vestan Þórisvatns. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að hópurinn setji upp tjaldbúðir á þessum stöðum fyrir sitt leyti. Hreppsnefnd bendir á að ganga verði vel um og gengið verði vel frá að næturdvöl lokinni þannig að umhverfi og náttúran beri engan skaða af.
- 10.9. Tölvuskeyti Sigurborgar Daðadóttur, dags. 4. mars 2020; Skipulagsmál – Lónsholt. Lagt fram tölvuskeyti Sigurborgar Daðadóttur þar sem hún óskar eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps til hugsanlegrar skipulagsbreytinga þannig að heilsársbúseta og húsdýrahald verði heimil á Lónsholti í landi Króks, þar sem nú er skipulögð frístundahúsabyggð. Hreppsnefnd vísar þessu erindi til vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032.
- 10.10. Tölvuskeyti Víðis R. Þórssonar, dags. 15. mars 2020; bann við lausagöngu búfjár. Lagt fram tölvuskeyti Víðis R. Þórssonar þar sem hann óskar eftir að hreppsnefnd Ásahrepps banni lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu í samræmi við 7. og 8. málslíð 3. gr. laga um búfjárhald nr. 38, og 5. gr. sömu laga. Í tölvuskeytinu er einnig greinargerð meðfylgjandi til stuðnings þessarar óskar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessu erindi til fjallskiladeildar Holtamannafréttar. Einnig að þetta málefni verði tekið upp á íbúafundi, en fyrirhugað er að halda íbúafund í tengslum við vinnu við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. Mikilvægt er að þetta málefni fái góða umræðu og skoðun áður en afstaða er tekin af hreppsnefnd.
- 10.11. Tölvuskeyti Eyrúnar Jónasdóttur, dags. 18. mars 2020; innheimta fasteignagjalda. Brynja J. Jónasdóttir tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Lagt fram tölvuskeyti Eyrúnar Jónasdóttur þar sem óskað er eftir að færa greiðslur fasteignagjalda inn á seinni helming ársins og dreifa greiðslum á fleiri mánuði ársins.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar til bókunar hreppsnefndar Ásahrepps sbr. 8. dagskrárlið þessa fundar.

- 10.12. Tölvuskeyti Landgræðslunnar, dags. 19. mars 2020; kortlagning beitilanda sauðfjár.

Lagt fram tölvuskeyti Landgræðslunnar þar sem kynnt er vinna við kortlagningu beitilanda sauðfjár. Í skeytinu er krækja sem sýnir stöðu þessarar kortlagningar og er óskað eftir athugasemdum ef einhverjar eru er varðar Ásahrepp. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessu erindi til fjallskiladeildar Holtamannaafrettar.

#### **11. Bréf og erindi til kynningar:**

- 11.1. Stjórnsýsluskoðun 2019 frá KPMG.  
11.2. Upplýsingar frá félagsþjónustunni um starfsemi hennar næstu mánuði í ljósi COVID-19.  
11.3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga til forsætisráðuneytis, dags. 21. febrúar 2020; Umsögn um frumvarp um br. á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna.  
11.4. Þrjú bréf frá Ferðamálastofu vegna ákvörðunar um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.  
11.5. Ýmis gögn og upplýsingar sem sendar hafa verið út frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, ásamt útsendum bréfum frá skólum innan Odda bs.

#### **12. Næsti fundur hreppsnefndar.**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 15. apríl 2020 klukkan 8:30. Fyrirkomulag fundar verður fjarfundur, skv. ákvörðun hreppsnefndar á 25. fundi sínum.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson